

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
(sent á rafrænu formi á nefndasvid@althingi.is)

Ísafirði 22. maí 2015

#### **144. löggjafarþing, mál 693, frumvarp til laga um byggðaáætlun og sóknaráætlun.**

Fjórðungssamband Vestfirðinga þakkar þessa umsagnarbeiðni og veittan frest til að skila umsögn.

**1. gr.** Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) lýsir stuðningi við meginmarkmið eins og þau eru sett fram í 1. gr. Frá því byggðamál voru flutt frá forsætisráðuneyti árið 1996 til fagráðuneytis, hefur orðið sú þróun að stjórnýslan og löggjafinn hafa misst nauðsynlega yfirsýn um stöðu byggðamála. Einnig hefur ábyrgð og hlutverk ráðuneyta annarra en byggðamálaráðuneytis verið óljós og mótsagnarkennd, t.d. í skipulagi á þjónustu stofnana, staðsetningu opinberra starfa og í heilbrigðisþjónustu svo eitthvað sé nefnt. Ráðuneytin virðast þannig ekki hafa tekið nægilega ábyrgð á málaflokknum og skort hefur upp á að bein tengsl hafi verið milli aðgerða og stefnumörkunar. Í annan stað hafa málaflokkar þess fagráðuneytis sem fer með byggðamál haft meira vægi og viðfangsefnið í byggðamálum því orðið einhæfara en eðli málaflokksins kallar á.

Áréttá verður einnig að meginmarkið 1. gr um eflingu sveitarstjórnarstigsins í málaflokknum er mjög mikilvægt.

**2. gr.** FV styður markmið 2. gr, enda er hér verið að koma á lögbundinni aðild allra ráðuneyta að málaflokknum og einnig að lögbinda samskipti við sveitarstjórnarstigið. Hér um margt komið á móts við þau atriði sem bent var í athugasemd við 1. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. gr. er ekki gert ráð fyrir aðild landshlutasamtaka að stýrihópnum, sem er í raun eðlilegt miðað við að þau fari með framkvæmd sóknaráætlana. Miðað við lykilhutverk landshlutasamtaka í gerð og framkvæmd sóknaráætlana ætti þó að gera ítarlegri lýsingu á stjórnýslulegum samskiptum landshlutasamtakanna við stýrihópinn. Dæmi hér um væri t.d. áheyrnarréttur við umfjöllun um framkvæmdamál og sameiginlegir fundir landshlutasamtaka og stýrihóps. Í annan stað þarf í framhaldi af setningu laganna, að taka til umræðu endurskoðun sveitarstjórnarlaga er varðar starfsemi landshlutasamtaka á grundvelli frumvarpsins.

**3. gr.** FV styður markmið 3. gr. frumvarpsins. Lenging á gildistíma áætlana er mikilvæg og í takt við breytingu á stjórnun opinberra fjármála samanber frumvarp til laga um opinber fjármál (206. mál, 144. löggjafarþing). FV væntir þess að breytingin auki stöðugleika í málaflokknum, þar með talið að fjárveitingar og markmiðasetning til lengri tíma verði raunhæfari.

Mikilvægt er að í 3. gr er nú lögð sérstök áhersla á að í byggðaáætlun verði tekið á stöðu svæða sem búið hafa við langvarandi byggðavanda. Þessi áhersla er til aukins stuðnings við megináherslur gildandi byggðaáætlunar, bæði hvað varðar stefnumótun og aðgerðir á slíkum svæðum.

**4. gr** FV styður markmið 4. gr. frumvarpsins og tekur undir athugasemdir í greinargerð frumvarpsins um að tekin verði til skoðunar aukin samþætting sóknaráætlana og svæðisskipulags sveitarfélaga.

**6. gr.** FV styður markmið 6. gr. frumvarpsins um að horft verði til landsins í heild í mörkun byggðaáætlana og sóknaráætlana með aðild höfuðborgarsvæðisins. Samskipti höfuðborgarsvæðis og landsbyggðanna einkennst of oft af meðvituðu eða ómeðvituðu skilningsleysi á stöðu landshlutanna og mikilvægi hvers og eins landshluta í hagkerfi landsins. Hér verða ráðuneyti einnig að ganga í takt, uppbygging velferðarþjónustu og innviða er lykilatriði til að heildstæð byggð verði á landinu öllu og á forsendum sérstöðu hvers og eins landshluta.

### **Fjárveitingar.**

Sem að framan greinir þá styður FV markmið frumvarpsins og leggur áherslu á að það verði samþykkt. Fjórðungssambandið lýsir hinsvegar verulegum áhyggjum af framkvæmd á markmiðum frumvarpsins með tilliti til þess að ekki er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til að sinna málaflokknum. Núverandi stjórnvöld hafa lýst því yfir að efling málaflokksins á grundvelli tillagna fyrri ríkisstjórnar á árinu 2013 hafi verið innistæðulaus. Á hinn bóginn hafa núverandi stjórnvöld ekki markað aðra stefnu en að halda í horfinu, en eru þá jafnframt að samþykkja stefnu fyrri ríkisstjórnar sem skar málaflokkinn niður a.m.k um þriðjung fram til ársins 2013..

Í samningum um sóknaráætlun 2015-2019 eru gefin fyrirheit um aukið fjármagn til sóknaráætlana landshluta á samningstímanum sem þarf að standa við. Mikilvægt er að hafa hugfast að fjármagn í sóknaráætlunir landshluta byggist nú að langmestu leyti á framlögum sem áður runnu um farvegi menningarsamninga og vaxtarsamninga til verkefna í viðkomandi landshlutum. Eins var hluti af fjármagninu sérmerktur stuðningi við rekstur og uppbyggingu menningarstofnana, eftir að fjárlaganefnd Alþingis hætti að veita styrki til slíkra verkefna á landsbyggðinni á grundvelli umsókna til nefndarinnar árið 2011, í takt við ákvörðun Alþingis um breytta starfshætti. Sókn á sviði einstakra málaflokka í einstökum landshlutunum má ekki grundvallast á tilfærslu á fjármagni, á kostnað þeirra málefna sem áður hefur verið sinnt. Sóknin verður að byggjast á auknum tækifærum sem skapast með viðbótarfjármagni til sóknaráætlana.

Núverandi fjárhagsrammi er óásættanlegur og FV beinir því til atvinnuveganefndar að taka fjárhagsramma frumvarpsins til rækilegrar umfjöllunar.

Að auki bendir FV á eftirfarandi atriði.

- Vekja verður athygli á að í umsögn fjármálaráðuneytis kemur fram að seta í stýrihópi stjórnarráðsins er ólaunuð. FV telur að tryggja verði fjármagn fyrir vinnu stýrihópsins því ella sé hætt á að ráðuneytin geti sett fyrirvara um aukna þátttöku innan málaflokksins þótt lögbundin verði. FV telur hættu á að málaflokkurinn fái ekki þá nauðsynlegu athygli ráðuneyta sem hann þarf.

Eins er ekki gert ráð fyrir hækkun framlaga til Byggðastofnunar, sem tekur við nokkuð víðtæku hlutverki við framkvæmd málsins. FV telur mikilvægt að atvinnuveganefnd kalli eftir álit stofnunarinnar hvað þetta atriði varðar, t.d. ef hættu er á að stofnunin verði þar með að draga úr öðrum þáttum starfssemi sinnar.

- Tryggja verður að landshlutasamtök hafi burði til að vinna að sóknaráætlunum, þ.e. með fjármagni og sérfræðiþekkingu. Sé ekki vilji til að auka við fjárveitingar þá verður að opna á auknar heimildir úr Skipulagssjóði og auka þátt svæðisskipulags sem aðferð til stefnumörkunar og aukinnar sérfræðiþekkingar á málefnum landshlutanna.
- FV gerir athugasemd við framsetningu fjármála- og efnahagsráðuneytis í umsögn um frumvarpið þar sem tilgreindir eru þeir fjárlagaliðir sem snúa að því. Mætti við fyrstu sýn telja að um tæpum milljarði eða 973 mkr, sé veitt til verkefna á sviði menningar- og byggðamála. Það er ekki rétt, því ráðuneytið hefur sett að jöfnu framlög til reksturs, þ.e. fjárlagalið 05.542 Byggðastofnun, alls 342 mkr og framlög til verkefna-/sjóða, alls 649,2 mkr.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.